



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1907/2006

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **AIR GUARD FG**

1.2. Tilgreind notkun Loftpressuolía

1.3. Söluaðili Olíuverzlun Íslands hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Sími: 515 1000

Netfang: olis@olis.is

Veffang: www.olis.is

1.4. Neyðarsímanúmer

Neyðarlínan: 112

Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

DSD/DPD-FLOKKUN Ekki flokkað samkvæmt DSD/DPD.

CLP-FLOKKUN Ekki flokkað samkvæmt CLP/GHS.

2.2. Merkingaratriði samkvæmt tilskipun 1999/45/EB

Flokkun Á ekki við.

2.3. Aðrar hættur

Hættur Á ekki við.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Blanda

Efni	Vörukenni	Þyngd %	Flokkun	
			67/548/EBE	1272/2008/EB
Mikið hreinsaðar jarðolíur	EINECS#: - CAS#: - REACH#: -	90-100	Ekki flokkað	Ekki flokkað

Mikið hreinsaðar jarðolíur: heiti á flokki grunnolía, ótilgreind CAS/EINECS/REACH-númer: 101316-72-7/309-877-7/01-2119489969-06; 74869-22-0/278-012-2/01-2119495601-36; 647-62-7/265-159-2/01-2119480472-38; 64742-54-7/265-157-1/01-2119484627-25; 64742-57-0/265-160-8/01-2119489287-22, 64742-65-0/265-169-7/ 01-2119471299-27.

KIFS – Heiti á flokki grunnolía, ótilgreind 64742-46-7/265-148-2/ 01-2119480472-38, uppfylla skilyrði sem tilgreind eru í athugasemd N. Einnig Concawe: Mikið hreinsuð grunnolía 8042-47-5/232-455-8/01-2119487078-27.

Note L: Ekki þarf að merkja efni sem krabbameinsvaldandi ef hægt er sýna fram á að það innihaldi minna en 3% DMSO með útdráttaraðferð samkvæmt IP 346.

Efnið inniheldur hvorki PBT- né vPvB-efni í styrk yfir 0,1%.

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLPI

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Eftir innöndun

Færið viðkomandi í ferskt loft. Leitið lækni ef einkenna verður vart. Einkenni geta verið tafir eftir innöndun niðurbrotsefna við bruna. Eftir váhrif getur þurft að hafa viðkomandi undir lækniseftirliti í tvo sólarhringa.

Eftir snertingu við augu

Fjarlægjið snertilinsur og skolið opin augu með vatni í nokkrar mínútur. Leitið lækni ef einkenni vara.

Eftir snertingu við húð

Skolið húðina strax vel og vandlega með sápu og vatni. Fjarlægjið föt og skó sem óhreinast af efni. Hendið óhreinkuðum fatnaði og skóm eða þvoið vel fyrir næstu notkun. Leitið lækni ef erting kemur fram.

Eftir inntöku

Skolið munn með vatni og drekkið mikið vatn. Aldrei gefa meðvitundarlausum neitt um munn. Ekki framkalla uppköst. Leitið lækni strax.

Skyndihjálpi

Ekki gera neitt án viðeigandi þjálfunar eða sem stofnar eigin öryggi í hættu. Það getur stofnað eigin öryggi í hættu að beita blástursaðferð.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Einkenni Engar frekari upplýsingar.
Áhrif Engar frekari upplýsingar.

4.3. Merki um þörf á bráðri lækisþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Til heilbrigðisstarfsfólks Í tilviki innöndunar niðurbrotsefna við bruna geta einkenni verið tafin. Viðkomandi getur þurft að hafa undir eftirliti í tvo sólarhringa.
Meðhöndlun Meðhöndlun skal miða að því að draga úr einkennum og áhrifum.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi Veljið slökkvibúnað og –aðferðir eftir aðstæðum og umhverfi. Froða, vatnsúði, slökkviduft, koltvísýringur.

Óviðeigandi Ekki nota vatnsbunu.

5.2. Sérstök hætta af blöndunni

Hætta Við upphitun eða bruna eykst þrýstingur og ílátið getur sprungið. Efnið er ekki eldfimt en getur viðhaldið bruna.

Myndefni við bruna Koltvísýringur, kolsýringur. Við sérstök brunaskilyrði er ekki hægt að útiloka myndun annarra eiturgufa.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Sérstakar ráðstafanir Ekki gera neitt sem stofnar eigin öryggi í hættu eða án viðeigandi þjálfunar. Afmarkið og rýmið svæðið strax í tilviki bruna.

Hlíðarbúnaður Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki með öndunargrímu sem hylur allt andlitíð og stillt á yfirþrýsting. Fatnaður (þ.m.t. hjálmar, skór og hanskar) sem uppfyllir skilyrði EN 469 veita grunnvörn í tilviki efnaleka.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Ráðstafanir Hringið í neyðarþjónustu. Ekki gera neitt sem stofnar eigin öryggi í hættu eða án viðeigandi þjálfunar. Rýmið nærliggjandi svæði. Haldið óviðkomandi og óvörðu fólk af svæðinu. Snertið hvorki né gangið á leka. Gólf geta verið hál; gætið varúðar og notið persónuhlífar.

Bráðaliðar Mjög hættulegt er að fara inn í lokuð eða illa loftræst rými þar sem eru gufur, úði eða reykur, án viðeigandi öndunarhlífa og ráðstafana. Notið ferskloftstæki, efnapolinn hlífðarfatnað og skóbúnað.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir Varist dreifingu leka og að hann berist í jarðveg, vatnsfarvegi, niðurföll og holræsi. Gerið viðeigandi yfirvöldum viðvart ef efnið mengar umhverfið.

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Minniháttar leki Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Færið ílát af lekasvæði. Safnið með hvarftregu efni og setjið í viðeigandi ílát til förgunar. Fargið hjá viðurkenndum förgunaraðila.

Meiriháttar leki Hafið strax samband við neyðarþjónustu. Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Færið ílát af lekasvæðinu. Nálgist lekann undan vindi. Hindrið að berist í holræsi, vatnsfarvegi, kjallara eða lukt rými. Heftið og safnið leka með vökvabindandi ísogsefni, s.s. sandi, jarðvegi, vermikúlít, kísilgúr og setjið í ílát til förgunar í samræmi við gildandi lög og reglur. Sama hætta getur stafað af menguðu ísogsefni og efninu sjálfu. Fargið hjá viðurkenndum förgunaraðila.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Sjá liði 1, 5, 8, 12 og 13.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Ráðstafanir Varist úðamyndun. Notið viðeigandi persónuhlífar. Andið ekki inn gufu eða úða. Varist inntöku. Varist að berist í augu, á húð eða fót. Varist snertingu við leka. Hindrið að leki berist í jarðveg og vatnsfarvegi. Geymið í upprunalegum umbúðum, tryggilega luktum þegar ekki er verið að nota efnið. Ekki endurnýta umbúðir. Notið aðeins við fullnægjandi loftræstingu.

Hreinlæti Matist hvorki, drekkið né reykið þar sem efnið er geymt eða notað. Þvoið ykkur vandlega eftir meðhöndlun. Fjarlægjið óhreinkaðan fatnað og hlífðarbúnað áður en farið er í rými þar sem matast er. Sjá 8. lið fyrir frekari upplýsingar um hreinlæti.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmanleika

Geymsla

Geymið og notið aðeins í umbúðum/búnaði fyrir þetta efni. Haldið fjarri hita og beinu sólarljósi. Geymið í tryggilega luktum og innsigliðum umbúðum þar til það efnið er notað. Umbúðir sem hafa verið opnaðar skal innsigla aftur og geyma í uppréttri stöðu til að forðast leka. Geymið ekki í ómerktum umbúðum. Geymið á þurrum, köldum og vel loftræstum stað, fjarri ósamrýmanlegum efnum (sjá 10. lið).

7.3. Sérstök notkun

Sérstök notkun

Engar frekari upplýsingar.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

Almenn atriði

Hugið að hættulegum eiginleikum efnisins (sjá 2. lið), váhrifamörkum, einstökum aðgerðum og öðrum efnum á vinnustaðnum við tæknilegar ráðstafanir og val á persónuhlífum. Ef tæknilegar ráðstafanir eða verklag er með þeim hætti að ekki dugar til að hindra áverkun efnisins í magni yfir váhrifamörkum, er notkun á neðantöldum hlífðarbúnaði ráðlögð. Notandi ætti að lesa og skilja allar leiðbeiningar og takmarkanir sem fylgja búnaðinum, þar sem hann veitir jafnan aðeins vörn í tiltekinn tíma eða við tiltekna aðstæður. Sjá viðeigandi CEN-staðla.

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Váhrifamörk á vinnustað

EFNISPÆTTIR	Land/stofnun	TWA	STEL	Þakgildi	Táknun
Mikið hreinsuð jarðolía	ACGIH	5 mg/m ³	10 mg/m ³	--	--

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir

Tryggið næga loftræstingu til að halda styrk efnisins í lofti undir tilgreindum váhrifamörkum. Persónuhlífar skulu aðeins koma til greina eftir að aðrar tæknilegar ráðstafanir hafa verið vandlega yfirvegaðar. Persónuhlífar skulu uppfylla viðeigandi staðla, vera í góðu standi og vel við haldið. Leita skal ráða hjá birgi við val á persónuhlífum að teknu tilliti til viðeigandi staðla. Hafið samband við Staðlaráð Íslands fyrir frekari upplýsingar um staðla. Mikilvægt er að ganga úr skugga um að persónuhlífar eigi saman.

Til hlífðar augum

Öryggisglæraugu með hliðarvörn.

Til hlífðar húð

Notkun hlífðarfatnaðar er góð vinnuregla. Val á hlífðarfatnaði skal byggja á eðli verks og hættum sem því fylgja. Vinnugallar úr pólýester/bómull veita aðeins vörn gegn minniháttar slettum. Vinnugalla skal þvo reglulega. Notið efnaþolnar svuntur og/eða ógegndræpan hlífðarfatnað og stígvél ef hætta er á snertingu við mikið magn efnisins.

Til hlífðar höndum

Notið hlífðarhanska ef hætta er á langvinnri eða endurtekinni snertingu við efnið. Notið efnaþolna hanska. Ráðlagt: Nítrílgúmmi eða bútýlgúmmí. Rétt val hönskum fer eftir efninu sem notað er, vinnuaðstæðum, eðli verks og ástand hanskana (jafnvel efnaþolnustu hanskar slitna við endurtekna snertingu við efni). Flestir hanskar veita aðeins vörn í skamman tíma áður en þeim þarf að skipta út.

Til hlífðar öndun

Öndunarhlífa er ekki þörf við venjuleg skilyrði.

Til verndar umhverfi

Mælið útblástur í gegnum loftræstingu eða vinnutækjum til að tryggja samkvæmni við umhverfisverndarlöggjöf. Í einhverjum tilvikum getur þurft að koma fyrir hreinsibúnaði, síum eða gera tæknilegar ráðstafanir til að koma losun undir viðeigandi mörk.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand	Tær vökvi
Litur	Litarlaust
Lykt	Einkennandi
Lyktarþröskuldur	Óákvarðað
pH-gildi	Óákvarðað
Bræðslumark	Óákvarðað
Frostmark	Óákvarðað
Upphafssuðumark	>250°C
Blossamark	160°C (Cleveland – opið ílát)
Uppgufunarhraði	Óákvarðað
Eldfimi (fast, gas)	Óákvarðað
Íkveikju- og sprengimörk	
-neðra	Óákvarðað
-efra	Óákvarðað

Gufuprýstingur	Óákvarðað
Gufupéttni (loft=1)	Óákvarðað
Eðlisþyngd	Óákvarðað
Leysni	Tor- eða óleysanlegt í vatni.
Deilistuðull: n-oktanól/vatn	Óákvarðað
Sjálfsíkveikjuhitastig	Óákvarðað
Niðurbrotshitastig	Óákvarðað
Seigja	22-32 mm ² /s við 40°C (lágmark)
Sprengieiginleikar	Efninu fylgir ekki sprengihætta.
Oxunareiginleikar	Óákvarðað

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Engin gögn.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Efnið er stöðugt

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg fjölliðun/efnahvörf Ekki hætta á skaðlegri fjölliðun eða efnahvörfum við venjulega notkun og geymslu.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Hár hiti.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Sterkir oxarar.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Skaðleg niðurbrotsefni myndast ekki við venjulega notkun og geymslu.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Líklegar íkomuleiðir Húð, innöndun.

Möguleg bráð áhrif

- Innöndun Váhrif af völdum niðurbrotsefna geta skaðað heilsu. Alvarleg áhrif geta verið tafir. Getur valdið ertingu í augum, nefi og hálsi í snertingu við gufu, úða eða reyk.
- Inntaka Engin áhrif eða hættur þekktar.
- Húð Væg erting húðar og slímhúðar.
- Augu væg augnerting.

Einkenni tengd líffræðilegum, efnafræðilegum og eiturefnafræðilegum eiginleikum

- Innöndun Engar frekari upplýsingar.
- Inntaka Engin gögn tiltæk.
- Húð Erting, þurrkur, sprungin húð.
- Augu Sársauki eða erting, tármyndun, roði.

Tafin og bráð áhrif og langvinn áhrif við skammtíma og langtíma snertingu

- Innöndun Innöndun úða við of mikla þéttni í lofti getur valdið ertingu í öndunarvegi.
- Inntaka Inntaka mikils magns getur valdið ógleði og niðurgangi.
- Húð Langvinn eða endurtekin snerting getur valdið minnkun náttúrulegrar húðfitu og leitt til ertingar, sprunginnar húðar og húðbóligna.
- Augu Möguleiki á skammvinnum sársauka eða roða.

Möguleg langvinn áhrif

- Almennt Langvinn eða endurtekin snerting getur valdið minnkun náttúrulegrar húðfitu og leitt til ertingar, sprunginnar húðar og húðbóligna.
- Krabbameinsv. áhrif Engin áhrif eða hættur þekktar.
- Stökkbreytandi hrif Engin áhrif eða hættur þekktar.
- Áhrif á þroskun Engin áhrif eða hættur þekktar.
- Áhrif á frjósemi Engin áhrif eða hættur þekktar.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

Eiturhrif Efnið er ekki talið hættulegt vatnalífi.

12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Lífbrjótanleiki Efnið er talið auðveldlega lífbrjótanlegt.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Ekki er hægt að útiloka að efnisþættir efnisins geti safnast upp í lífverum.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Lítil vatnsleysni og flýtur á vatni.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Efnið er ekki eða inniheldur ekki PBT- eða vPvB-efni yfir 0,1%.

12.6. Önnur váhrif

Váhrif Engin þekkt.

13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun vörunnar Varist eða lágmarkið myndun úrgangs. Fargið efninu, lausnum þess og aukaafurðum í samræmi við gildandi lög og reglur.

Úrgangskóði (EWC) 13 02 03 – Aðrar vélar-, gir- og smurolíur.

Förgun umbúða Galtæmið tunnur sem á að endurnýta. Snúið á hvolf með 10-15 gráðu halla þannig að opið sé á lægsta punkti. Látið standa þar til hætt er að leka og lokið ekki fyrr en hún hefur verið loftræst á stað sem er laus við íkveikjugjafa.

Úrgangskóði (EWC) 15 01 10 - Umbúðir sem innihalda leifar hættulegra efna eða eru mengaðar af þeim.

Sérstakar ráðstafanir Leifar af efninu verða eftir í tómun umbúðum (föst efni, vökvi og/eða gufa) og geta verið hættuleg. Ekki mynda þrýsting, skera, logsjóða, lóða, sjóða, bora, slípa eða meðhöndla tómar umbúðir nálægt hita, eldi, neistum, stöðurafragnni eða öðrum íkveikjugjöfum. Þær geta sprungið og valdið líkamstjóni eða dauða. Tómar umbúðir skal tæma að fullu, loka vel og koma á sérhæfða móttökustöð eða farga þeim á réttan hátt.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Vera má að lýsing taki ekki til allra aðstæðna við vöruflutninga. Leitið upplýsinga í viðeigandi reglum um hættulegan varning fyrir viðbótarkröfur um lýsingu (t.d. tækniheiti) og sérstakar kröfur vegna flutningsmáta eða magns.

ADR/RID/ICAO/IMO Varan heyrir ekki undir reglur um flutninga á hættulegum varningi.

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

Reglugerð nr. 1907/2006 (REACH) – viðauki XVII: Takmarkanir að því er varðar framleiðslu, setningu á markað og notkun tiltekinnar hættulegra efna, blandna og hluta.

15.2. Efnaöryggismat

Ekkert öryggismat.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Endurskoðun 12. mars 2012. Uppfærðir liðir öryggisblaðs: 3,5,16.

Hættusetningar Ekki flokkað.

Skammstafanir **ADN:** Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farni á skipgengum vatnaleiðum.

ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farni á vegum .

Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farni á vegum.

DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif.

IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning.

PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð.

PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg.

REACH: Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni.

TWA: Tímavegið meðaltal.

vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Þýðing og uppsetning: Reynir Hjálmarsson

Dagsetning: 25.05.2015

Heimild: Cargo Oil AB, sds@cargo-oil.se